

starf *hk – hús Ö*
[-s, störf]

– ég sótti um starfið

‡ • starfa, starfsemi, starfsmaður, starfsfólk »
vinna (no)

því *ao/st*

– hún fer af því að henni er boðið

‡ • það

skipt-a *so vb-i – heyra*
[-i]

– ég þarf að skipta peningum

‡ • skipti, samskipti, viðskipti

ný-r *lo – gular J*
[-, -tt; -rri, -jastur]

– ertu í nýjum skóm?

‡ • nýlega « gamall

fjöld-i *kk et – tími*
[-a]

– það var fjöldi fólks í miðbænum

‡ fjöldi • fjölga, fjölmargur, fjölskylda

hurð
[-ar, -ir]

– ekki skella hurðinni!

‡

stríð *hk – hús*
[-s, -]

– ég myndi aldrei fara í stríð

‡ « friður

opin-n *lo – gular B S*
[-, opið; opnir, opnar, -]

– verslunin er opin á kvöldin

‡ • opna, opinber « lokaður

sigl-a *so vb-i – heyra*
[-di]

– þau sigldu með ferjunni til
Bergen

‡

útskýr-a *so vb-i – heyra*
[-ði]

– viltu útskýra þetta betur?

‡ • út; skýr, skýring, skýrsla » skýra

varlega *ao*

– farðu varlega með vasann

‡ varliga • vara (so), varla; alvara, alvarlegur

búð
[-ar, -ir]

– ég fer út í búð

‡ • búa, íbúð, íbúi » verslun

stíl-l *kk – hestur S*
[-s, -ar]

– við skrifum stíl á föstudaginn

‡

lík-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– henni líkar vel við þig

‡ • líkur (lo), líkt

heng-ja *so vb-i – heyra*
[-di]

– viltu hengja upp þvottinn?

‡ • hanga

róa *so vb-ór*
[reri, rerum, róíð]

– kanntu að róa árabáti?

‡